



Próun S.H. frá sjónarmiði einkarekstursins

Bjarni Benediktsson – Stjórnmaál – Alþingismaður – Ritstjóri – Söluviðstöð hraðfrystihúsanna –
Greinargerð um hraðfrystiiðnaðinn á Íslandi – Sjávarútvegsmál – Fiskiðnaður

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnmaálamaðurinn

Askja 2-24, Örk 2

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þróun S. H. frá sjónarmiði einkarekstursins.

Hraðfrystiiðnaðurinn á Íslandi er ekki gamall. Á seinustu árunum fyrir seinni styrjöldina varð til fyrsti vísirinn að hraðfrystingu á fiski, sem nú er orðinn höfuðatvinnugrein landsmanna. Sænska frystihúsið reið á vaðið með heilfrystingu eftir hinni svonefndu Ottesens-aðferð, sem var þækilfrysting. Síðar kom til sögunnar Ingólfur Espolin, sem tók að frysta flök milli tveggja platna eftir hinni svonefndu Bird-Eye aðferð, sem Fiskimálanefnd hélt svo áfram og náði að festa verulega rætur. Þjónusta Fiskimálanefndar var fólgin í því að útvega frystihúsunum, sem tóku að rísa á fót, nauðsynjar til framleiðslunnar og annast leiðbeiningarstafsemi, sem aðallega var þó látin í té af Englendingum, sem keyptu framleiðsluna af Fiskimálanefnd sem fór með söluna í umboði húsanna.

Þegar þannig hafði gengið til í um 5 ára skeið, brutust nokkur frystihús undan yfirráðum Fiskimálanefndar og mynduðu sölusamtök, sem þau nefndu Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Ekki nærri öll frystihúsin voru strax í þessum samtökum, voru hikandi að segja skilið við Fiskimálanefnd og leggja út í óvissuna með ekkert á bak við sig nema áræðið og löngunina til að vera sjálfstæð, en það leið samt ekki á löngu þar til þau voru öll komin með, og starfsemi Fiskimálanefndar fyrir frystihúsin í hinu fyrra formi var ekki til. Kaupfélagshúsin fóru til Sambandsins.

Ekkert átti þessi stofnun Sölumiðstöðvarinnar í upphafi skylt við ótta atvinnurekenda við að hlýta forsjá ríkisstofnunar. Það var ekki þá farið að sýna sig hversu mikil hættu einkarekstrinum getur verið búin af því. Skammsýnir menn veljast þar oft til forystu, þar sem pólitísk fylgispekt er höfuðsjónarmiðið, en minna skeytt um hæfileikana. Og hvílk vopn eru lögð í hendur ófyrirleitinna stjórnámálanna til þess að koma einkarekstrinum fyrir kattarnef. Má nefna mörg dæmi slíks á seinni árum, eftir að átökin milli hagkerfanna tóku að harðna, svo sem skattþíning í formi stóreignaskatts, sem eingöngu er lagður á einkareksturinn, mismun á hinum almennu sköttum, þar sem samvinnu og ríkis- og bæjarrekstur er svo til skattfrjáls og opinberi reksturinn. Ennfremur mismunun á innflutningi, sem er háður leyfisveitingum; samvinnurekstrinum og opinbera rekstrinum er alltaf hyglað fram yfir einkareksturinn. Og það, að einkareksturinn er ekki fyrir löngu kominn á kné, er einungis því að þakka, hve lífsmáttur hans og yfirburðir eru miklir.

Lengi framan af var S. H. svo að segja eingöngu skipuð frystihúsum eða frystihúsaeygendum, sem höfðu sömu afstöðu til þjóðfélagsmálanna og aðhylltust einkarekstur. En síðar bættust við fyrirtæki, sem voru eign sveitarfélaga að meira eða minna leyti, og nú á seinni árum hefur fjölgunin aðallega verið fólgin í slíkum húsum, þar sem þing og stjórn og sveitarstjórnir hafa verið mjög áfram um að byggja frystihús á vegum þess opinbera og veitt þeim margháttuð forrættindi í lánsfé, styrkjum o. fl. Þannig hafa bæst í S. H. síðustu tvö árin 3 einhver stærstu og afkastamestu frystihús landsins og eitt betur, sem ekki er þó verulega tekið til starfa, sem eru eign bæjarfélaga ýmist að öllu eða langmestu leyti.

Ágóðahluti, en svo hefur verið nefndur afgangurinn af sölulaunum og álagningu á umbúðir að frádregnum rekstrarkostnaði S. H., var lítil til að byrja með, enda umboðslaun lág og umsetning ekkert í líkingu við það, sem nú er orðið. Það fór fljótt að brydda á löngun frystihúsaeygenda til þess að gera sig sem óháðasta í atvinnurekstri sínum og sjálfum sér nóga, og var S. H. ekki búin að starfa nema 3-4 ár, þegar ákveðið var að stofna skipafélag og skömmu seinna innflutningsfyrirtæki. Það þótti sjálfsagt að frystihúsin leggðu í þessi fyrirtæki fé, en ekki Sölumiðstöðin, því að það var litið á hana frá upphafi sem sölufélag eingöngu, sem ekki ætti að eiga neinar eignir. Því var það, að allur ágóðahluti húsanna sem þá var við 1 1/2 milj. krónur var látinn ganga til hlutafjárframlaga í fyrrgreind fyrirtæki og stofnlána, og voru allir með í þessu í hlutfalli við "sjóðseignir" sínar með 2-3 undantekningum. Fengu þeir útborgað sinn ágóðahluta, til þess að mönnum væri ekki mismunað. Síðar var þriðja fyrirtækið stofnað fyrir tæpum tveimur árum, tryggingarfélag, með sama hætti, nema hvað þá voru aðeins tekin við 5% af "sjóðunum", sem þó nægði til að mynda við 1 milj. króna hlutafé, svo ríflegir voru sjóðirnir þá orðnir.

Nú eru "sjóðirnir" á ný orðnir um 30 milj. króna í árslok 1958. Hefur nú þótt fært að leyfa húsunum að skulda við 60% af "sjóðunum" eins og þeir voru orðnir í árslok 1957. S. H. fór í svo mikla fjárfestingu á árinu 1957 og 1958, að ekki þótti fært að láta þessa reglu gilda fyrir árið 1957, og hefur enn ekki verið tekin ákvörðun um, hversu þessu verður hagað fyrir árið 1958.

Aðalfjárfesting S. H. undanfarið hefur verið í sambandi við vöxt og viðgang fyrirtækis S. H. í Bandaríkjunum, sem upphaflega var aðeins sölufyrirtæki, en er nú jafnframt verksmiðja, sem vinnur úr hraðfrystum fiski,

aðallega soðinn fisk. Verulegu fé hefur verið varið til auglýsinga, aðallega af tekjum fyrirtækisins vestra. Er nú vörumerki fyrirtækisins orðið þekkt um öll Bandaríkin og er nú orðið fólgið í því mikið "goodwill". En aðalféð vestra liggur í verksmiðjunni. Beint framlag í verksmiðjuna nemur nú við Kr. 8 1/2 milj. kr. og er þá meðtalinn áætlaður ágóði 1958. Verksmiðjan og áhöld hafa nú verið afskrifuð um kr. 2 1/2 milj. kr.

Verksmiðjan í Nanticoke og fyrirtækið í N. Y. (m/ 55% yfirf. gj.)		
framlag	Kr.	6 milj.
Verksmiðja í Gravesend 'og búðirnar í		
Bretlandi .. (framlag)	"	5 -
2 skrifstofuhæðir í Aðalstræti 6	"	8 -
Vörugeymsla við Kleppsveg	"	5 -
Áhöld, bifreiðar	"	1 -
	Samtals	Kr. 25 milj.

Þá hefur stjórnin samþykkt að leita samþykkis aðalfundar fyrir fjárfestingu 1959 og 1960:

Í Bandaríkjunum (klefabýgging við Nanticoke)	Kr.	3 1/2 milj.
Í Bretlandi til kaupa á kælibílum og ísskápum	"	1 1/2 -
Í Hollandi til byggingar verksmiðju og dreifingarkerfis	"	10 -
	Samtals (m/55%)	Kr. 15 milj.

Auk þessa er verið með á þrjónunum áform um að bæta úr brýnni þörf S. H. í sambandi við framleiðslu á umbúðum þeim, er frystihúsin nota og myndi mjög stuðla að upphaflegum tilgangi S. H. að vera sem óháðust og sjálfri sér nóg með því að koma sér upp kassa- og öskjugerð, sem vart kostar minna en 15 miljónir króna.

Með því að láta allar þessar eignir vera á nafni Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og frystihúsin þá að sjálfsögðu lána tilsvarendi upphæð af ágóðahluta sínum eða "sjóðum", sem hvergi nærri myndu þá hrökkva til, þó hætt yrði að leyfa húsunum að skulda 60%, væri brotið blað í þróunar-sögu S. H. Fyrirtækið væri þá orðið rekið eins og hvert annað samvinnu-félag, þar sem eignirnar væru smátt og smátt afskrifaðar, en væru ekki eign þeirra, sem raunverulega hefðu lagt fram féð til að kaupa þær eða byggja, heldur einskis manns eign eða í hæsta lagi einhverra einhvern tíma, þegar þeim, sem þá væru meðlimir, dytti í hug að leggja S. H. niður

eða breyta henni í annað rekstrarform. Allir, sem legðu fram þetta mikla fé, fengju það að vísu aftur, þegar þeir hættu að vera meðlimir, en ekki þá verðhækkun, sem það hefði gefið, bæði fyrir afskriftir eða minnkandi verðgildi peninganna, sem sannarlega hefur ekki áskort síðustu árin og er engan veginn séð fyrir endann á. Sem dæmi um hversu grátt verðbólgan og slíkt fyrirkomulag getur leikið menn, má geta þess, að hlutafé það, sem frystihúsin lögðu í kæliskipafélagið fyrir 12-13 árum er nú talið 30falt (stóreignaskattsmatið), og hefur þó öllum ágóðanum jafnan verið úthlutað til félagsmanna S. H. án tillits til þess, hvort þeir ættu í kæliskipafélaginu eða ekki. Hluthafarnir hafa aðeins notið afskriftanna og þess að peningarnir héldu verðgildi sínu í skipunum en bráðnuðu ekki upp í "sjóðunum" í báli verðbólgunnar. Til þess að sýna, hversu mikið er hér um að ræða, eftir því hvoru fyrirkomulaginu er farið eftir, má her taka dæmi sem menn eiga gott með að átta sig á. Fjárfesting S. H. undanfarið og hin fyrirhugaða (ekki Kassagerðin) nemur við kr. 16,00 á hvern 25 kg kassa af flökum, eins og framleiðslan var s.l. ár. Getur þá hver reiknað út eftir sinni ársframleiðslu, hversu mikið framlag hans yrði og hverju það skipti, ef þróunin yrði framvegis eins og hingað til í efnahagsmálum þjóðarinnar. Hvort þeir fengju þá þrítugfalda upphæðina eftir einn til tvo áratugi eða bara þeirrar tíðar verðbólgukrónu.

En það, að fara að viðurkenna rekstrarform samvinnufélaganna á S. H. og þar með afneita eignarréttinum og kapitaliska rekstrarforminu í þessum stærstu og völdugustu heildarsamtökum einkarekstrarins í landinu, hefði ekki aðeins fjárhagslega áhrif fyrir félagsmenn S. H. heldur væri þetta um leið þrotabúsýfirlýsing á þeirra eigin rekstrarformi og hefði mikið áróðursgildi fyrir aðalkeppinautana, samvinnureksturinn. Því skyldi almenningur ekki álykta sem svo, að fyrst þeim hentar best að hafa samvinnusnið á heildarrekstri sínum, því skyldi það þá ekki einnig henta best á þeirra eigin rekstri og síðar að stíga skrefið til fulls og hafa það samvinnufélög verkafólksins, sjómanna, og landverkafólksins. Í þessu fælist því ótrúlega mikil uppgjöf, þótt það þurfi ekki að virðast svo í fyrstu lotu, því þegar hér væri komið, væri komið annað þjóðskipulag, ekki samvinnuþjóðskipulag heldur þjóðskipulag kommúnista.

Þótt ekki sé langt síðan 1942 að S. H. var stofnað, eru ótrúlega breyttir tímar. Áhrifa hins opinbera rekstrar og samvinnufélaganna gætir

nú miklu meira og samkeppnin harðnar með hverju árinu. Því er ekki að neita, að einkareksturinn hefur orðið að þoka í þessari samkeppni vegna þess að hinu rekstrarforminu hefur verið ívilnað, en einkareksturinn ofsóttur eins og við hefur orðið komið án þess að fyrirskipa beina þjóðnýtingu. Það er því tími til kominn, að einkareksturinn í S. H., sem enn er í langsamlegum meirihluta þar, þótt hinir sæki jafnt og þétt á, uggi að sér. Róttækasta og sterkasta leiðin væri að breyta S. H. í hlutafélag, en þar næsta að halda áfram að stofna hlutafélög um eingir S. H. og fyrirtæki jafnóðum og til verða og vera ekkert feiminn við að viðurkenna jafnt í orði sem á borði, að við erum fylgjandi einkarekstri og eigum ekki heima með opinberum rekstri eða samvinnurekstri, sem hlýtur áfram að vera harðasti keppinauturinn eins og hingað til. Það getur aldrei orðið um það að ræða að ganga inn á þeirra rekstraform nema til þess að tortíma sjálfum sér.

Fyrir utan það, sem áður er sagt um þessi mál, má hér minnst á nokkra kosti og ókosti hinna tveggja rekstraforma, sem hér um ræðir. Kostir þess að hafa það fyrirkomulag á S. H., sem nú er, eða nánast samvinnuskipulag, eru þeir, að fyrirtækið eignast miklar eignir og þarf ekki að svara vöstum eða arði af höfuðstól, þar sem þær eru raunverulega ekki eign neinna, en til afnota fyrir þá, sem teljast meðlimir á hverjum tíma. Skapar þetta fyrirtækinu sterka samkeppnisaðstöðu.

Ókostir eru hinsvegar þeir, að fyrirtækið er laust í reipunum, stjórnir þess ótryggar, og býður það heim flokkadráttum, en tíð stjórnarskipti geta orðið fyrirtækinu til tjóns, en hér veltur að sjálfsögðu mjög á traustri forystu, þar sem um jafnviðamiknið fyrirtæki er að ræða. Þá er atkvæðagræðslum hagað þannig, að þeir, sem fara með atkvæði fyrir kannske 10% af framleiðslunni geta ráðið stjórn fyrirtækisins og þar með málefnum hinna, og er þannig engan veginn fyllilega tryggt, að nægilegt tillit sé tekið til hagsmuna þeirra, sem eiga meginþorrann af framleiðslunni. Annað er það, að við sífjöldandi tölu sveitarfélaga og vaxandi átök einstaklinganna út af stjórnarkosningu, geta hvenær sem er komið í stjórn menn, sem vilja einkareksturinn feigan, og væri þá ef til vill ekki sem vandaðastir að meðulum, þegar slíkri aðstöðu væri náð og nytuþá pólitísku styrks til að halda völdunum, eftir að þeim væri einu sinni náð, og gæti þá orðið stutt yfir í það, að S. H. yrði ríkisstofnun með öllum sínum ókostum, þrátt fyrir það að meginþorri félagsmanna aðhylltist enn

einkareksturinn. Engan lagaði þó til þess, sem vissi hversu var að búa undir slíku fyrirkomulagi. Og er þó hætt á, að það yrði hálfu verra nú, þar sem hin pólitíska þróun er komin á miklu hærra stig og skilningur á gildi þess að hafa pólitísk yfirráð fyrir jafnmikilvægum samtökum er nú miklu meiri.

Þá er mikil hætt á fólgin í því, að jafnstórt fyrirtæki og með ekki traustara skipulagi myndi kalla yfir sig íhlutun þess opinbera, ef þannig væri látið reka á reiðanum að safna upp eignum, sem væru raunverulega einskis eign.

Ókostir hlutafélagsformsins eru þeir, að hættá getur verið á að hlutaféið safnist á fáar hendur, og eins að nýir eigendur frystihúsa í einkarekstri eigi ekki greiðan aðgang inn í félagið. Fyrir hvortveggja má girða með ákvæðum í stofnsamningi. Takmark má atkvæðisrétt á einni hendi, skylda má hluthafa til að þola lausn á hlutum sínum fyrir matsverð ef þeir hættá frystihússrekstri, og hafi nýjir frystihúsaeygendur forkaupsrétt að þeim.

Kostir hlutafélagsfyrirkomulagsins eru að íhlutun um stjórn og rekstru fyrirtækisins fer eftir framlagi manna. Þá njóta menn ávaxtanna af sínu eigin fé í hækkuðu verði hlutabréfanna, og getur það verið mikið, enda þótt hluthafarnir fengju ekki nema afskriftirnar, en hinu yrði úthlutað til viðskiptamannanna. Peningaframlög manna héldu þá líka gildi sínu þrátt fyrir verðbólgu, þar sem eignir stæðu á bak við þau. Hlutafélaga fyrirkomulagið legði áherslu á, að einkareksturinn vildi ekki gera neinar gætur við rekstrarform höfuðkeppnautanna, samvinnurekstruinn eða opinbera reksturinn, heldur afneita honum að fullu og öllu í rekstrarformi sínu og berjast á móti honum, þar sem því yrði við komið. Keppinautarnir myndu þá ekki njóta góðs af hugmyndaflugi og hagsýni einkarekstrarins, sem viðurkennt er að sé þar í miklu ríkari mæli, enda fleiri tækifæri til að leiða slíkt í ljós. Kommúnístísk áhrif innan félagsskaparins hljóta einnig alltaf að hafa óholl áhrif á hinn borgaralega félagsanda. Fyrirtæki rekin af bæjar- eða sveitarstjórnnum, ríkinu eða samvinnufélögum eiga því ekki heima innan þessara samtaka, og getur blátt áfram, eins og áður er bent á, orðið þeim hættuleg og einkarekstrinum í landinu. Hitt er annað mál, að annast mætti sölu afurðanna fyrir þau fyrir venjuleg umboðslaun, ef þess væri æskt, án þess að þau hefðu nokkur ítök um stjórn fyrirtækisins,

alveg á sama hátt og nokkur frystihús í einkaeign láta S. Í. S. annast fyrir sig söluna núna, án þess að öðlast nokkur réttindi þar. Kjarni þessa boðskapar eru hin gömlu sannindi, sem hafa aldrei átt betur við en í dag og einmitt um þennan félagsskap, að það er aðeins um tvennt að ræða: Að vera eða vera ekki.